

**Umsögn Íslandsdeildar Transparency International (TI) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013 (innheimta útvarpsgjalds), 358. mál og og frumvarp um breytingu á lögum nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings), 366. mál.**

21. mars 2021

**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.**

Íslandsdeild Transparency International vil koma eftirfarandi á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd og Alþingi varðandi frumvarp um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu (innheimta útvarpsgjalds), 358. mál og frumvarp um breytingu á lögum nr. 23/2013 (upplýsingaréttur almennings), 366. mál.

Greiður aðgangur almennings að áreiðanlegum upplýsingum um stjórnsmál, stjórnslu og viðskiptalíf er mjög mikilvægur þáttur í að stuðla að nauðsynlegu aðhaldi almennings gagnvart þeim sem fara með vald í stjórnsmálum, stjórnslu og viðskiptalífi og hvernig tengslum milli valdhafa á þessum sviðum er háttað.

Mikilvægi RÚV fyrir upplýsingarétt almennings þarf meðal annars að skoða m.t.t. þess að öflugir fjölmiðlar í íslensku samfélagi eru tengdir og/eða í eigu aðila sem hafa mikla hagsmuni í viðskiptalífi og geta því ekki talist óháðir í þeim skilningi. Það skiptir verulegu máli þegar ákveðið er hvernig regluverki varðandi RÚV er háttað, þ.m.t. hvað varðar fjármögnun rekstrar stofnunarinnar.

Þá er nauðsynlegt að gagnsæi sé varðandi ráðningar hjá RÚV og upplýsingaréttur almennings sé virtur þannig að ekki megi vegna skorts á gagnsæi, hvað það varðar, með réttu efast um að réttlæga sé staðið að ráðningum þar og að einungis málefnaleg sjónarmið og verðleikar umsækjenda ráði ákvörðunum um þær. Með vísan til þessa styður Íslandsdeild TI að frumvarp um breytingu á lögum um RÚV (upplýsingaréttur almennings), 366. mál, verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

f.h. Íslandsdeildar TI,

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri